



Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar

1. Tilgangur og gildissvið

Tilgangur og markmið jafnlaunastefnu Suðurnesjabæjar er að stuðla að jafnrétti kynjanna og tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Suðurnesjabær skuldbindur sig jafnframt til þess að við ákvörðun launa og fríðinda að ekki sé mismunað á grundvelli kyns eða annarra ómálefnaðra þátta.

Suðurnesjabær uppfyllir þá jafnréttislöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi í samræmi við lög nr.150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna með síðari breytingum. Með stefnunni leggur sveitarfélagið áherslu á að allar launaákvæðanir séu í samræmi við jafnréttislöggjöf auk þess að fylgja ákvæðum kjarasamninga, öðrum reglum sem eru í gildi hverju sinni auk reglugerðar nr. 1030/2017 (með síðari breytingum) um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins IST 85.

2. Umfang

Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar nær til allra starfsmanna sveitarfélagsins.

3. Framkvæmd og markmið

Suðurnesjabær leggur áherslu á jafnrétti og að nýta til jafns styrkleika alls starfsfólks þannig að hæfileikar og færni þeirra njóti sín sem best og er það skjalfest með stefnu þessari. Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar er órjúfanlegur hluti af launastefnu og Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Suðurnesjabær skuldbindur sig til að vinna að jafnréttismálum, hafa frumkvæði í þeim og sýna þannig samfélagsábyrgð. Suðurnesjabær fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

Markmið með stefnunni er að allar ákvæðanir launa séu gagnsæjar, málefnalegar og rökstuddar.

Suðurnesjabær skuldbindur sig til að:

- Fylgja lagalegum kröfum og reglum um launagreiðslur, kjör og jafnrétti
- Innleiða, viðhalda og skjalfesta vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85
- Framkvæma launagreiningu árlega þar sem jafnverðmæt störf eru borin saman og athugað hvort að kyn sé áhrifaþáttur við launamyndun.
- Bregðast við óútskýrðum og órökstuddum launamun með eftirliti og stöðugum umbótum
- Kynna niðurstöður launagreiningar fyrir stjórnendum og starfsfólki
- Kynna jafnlaunastefnuna öllu starfsfólki
- Hafa jafnlaunastefnuna aðgengilega almenningi

4. Innleiðing og rýni

Bæjarstjóri í umboði bæjarráðs ber ábyrgð á jafnlaunastefnu Suðurnesjabæjar og jafnlaunakerfinu. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á skjalfestingu og innleiðingu. Allir stjórnendur Suðurnesjabæjar skuldbinda sig til að framfylgja stefnunni og bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda stöðugum umbótum á öllum þáttum jafnlaunastefnunnar.



Skipa skal innri úttektaraðila jafnlaunakerfisins sem hefur það hlutverk að framkvæma innri úttektir á kerfinu að minnsta kosti einu sinni á ári. Rýnifundur með stjórnendum á jafnlaunakerfinu er haldinn á hverju ári. Ábendingar og kvartanir vegna jafnlaunakerfisins skulu berast í gegnum ábendingargátt CCQ.

Suðurnesjabær hefur gert samkomulag við vottunaraðila um árlega úttekt á jafnlaunastefnunni og jafnlaunakerfinu hjá sveitarfélaginu. Komi fram athugasemdir frá vottunaraðila á einhverjum tímapunkti mun sveitarfélagið bregðast við þeim athugasemdum, rýna þær og lagfæra.

5. Endurskoðun

Sveitarfélagið getur gert breytingar á stefnu þessari í samræmi við breytingar á lögum og reglugerðum. Allar þær breytingar sem kunna að verða taka gildi eftir að uppfærð stefna hefur verið samþykkt og birt.

6. Gildistaka

Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar var samþykkt í bæjarráði 8.febrúar 2023 og staðfest í bæjarstjórn 1.mars 2023. Jafnlaunastefnan tekur gildi við birtingu hennar.